

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 480 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breya þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 250.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

S A M Þ Y K K T

um Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar fer með stjórn heilbrigðismála borgarinnar í umboði borgarstjórnar og undir yfirstjórn hennar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari:

2. gr.

Borgarstjórn kýs 7 menn í heilbrigðismálaráð til fjögurra ára í senn að loknum borgarstjórnarkosningum og jafnmarga til vara. Þá eiga og sæti í heilbrigðismálaráði borgarstjóri eða fulltrúi, sem hann skipar, og borgarlæknir, en ekki eiga þeir atkvæðisrétt, nema þeir séu sérstaklega í það kjörnir.

Ráðið kýs formann og varaformann úr sínum hópi.

Skólar og heilbrigðisstofnanir.
Íbúðarhúsnæði.
Verksmiðjur og aðrir vinnustaðir.
Bátar og skip.
Annað heilbrigðiseftirlit.

C. Heilsuvernd:

Starfsemi heilsuverndarstöðvar.
Almennar ónæmisaðgerðir.
Hóprannsóknir.
Heilsugæzla í skólum.
Tannvernd og tannlækningar.
Atvinnusjúkdómar.
Heilbrigðisstofnanir á vegum einkaaðila.
Heilbrigðisfræðsla.
Læknisþjónusta utan sjúkrahúsa.

D. Sjúkrastofnanir:

Sjúkrahús.
Hjúkrunar- og dvalarheimili.
Langvinnir sjúkdómar.
Endurhæfing.
Heimahjúkrun.

Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða lækna sem forstöðumenn deilda, eftir því sem unnt reynist og nauðsynlegt verður talið að mati heilbrigðismálaráðs.

7. gr.

Heilbrigðismálaráð tekur við störfum heilbrigðisnefndar, sjúkrahúsnefndar svo og stjórnar Heilsuverndarstöðvarinnar að höfðu samráði við viðkomandi aðila.
Borgarstjórn setur heilbrigðismálaráði starfsreglur að fengnum tillögum þess.

9. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi við kosningu heilbrigðismálaráðs að loknum borgarstjórnarkosningum 1970.

Samþykkt þessi tekur gildi við kosningu heilbrigðismálaráðs að loknum borg-
2. gr. laga nr. 12/1969 til þess að taka gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.